

Fyrirspurn E 27/2024
Fyrirspyrjandi Lars Mejerne Larsson (S)
Viðtakandi Ríkisstjórn Noregs

Skrifleg fyrirspurn um samstarf lögreglu yfir landamæri Svíþjóðar og Noregs

Til ríkisstjórnar Noregs

Á Norðurlöndum erum við stolt yfir samheldni og einstöku samstarfi landanna. Með nánu samstarfi, afnámi stjórnsýsluhindrana og afar samþættri stjórnsýslu hefur okkur tekist að mæta sameiginlegum úrlausnarefnum í sameiningu. Gott dæmi um þetta er sameiginleg landamæralögreglustöð sem var nýlega komið á fót fyrir sveitarfélögin Eda í Svíþjóð og Eidskog í Noregi, sú fyrsta sinnar tegundar.

Þetta samstarf hefur gert sænskri og norskri lögreglu kleift að starfa hindrunarlaust og yfir landamæri í Varmalandi, Dölunum og grannfylkinu Innlandet í Noregi. Ekki er eingöngu um að ræða tákmynd þess hvernig lönd geta í sameiningu leyst sameiginleg vandamál heldur raunhæft tól til að berjast gegn glæpastarfsemi sem teygir sig yfir landamæri og bæta öryggi Norðurlandabúa.

Því verr og miður hefur mismunandi vopnalöggjöf þvælst fyrir þessu mikilvæga löggæslusamstarfi á landamærum Svíþjóðar og Noregs. Norska lögreglan hefur hætt samstarfinu og sænsku lögreglunni er orðið óheimilt að starfa á norsku landsvæði á grundvelli þessa samstarfs.

Samstarf óháð landamærum er hornsteinn í baráttunni gegn skipulagðri brotastarfsemi. Á ólgu tímum er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að efla og ekki veikja samstarf lögreglunnar í norrænu löndunum. Þó verður að virða lög og reglur einstakra landa.

Markmiðið er að leysa úr málunum þannig að báðir aðilar geti vel við unað. Ég vona að okkur takist að vinna bug á þessum vanda í þeim anda trausts og samvinnu sem einkennir nú þegar samband landanna okkar, einkum og sér í lagi á landamærasvæðunum þar sem nándin er mest.



Í ljósi þessa er eftirfarandi fyrirspurn lögð fram:

Hvernig tryggjum við að löggæslusamstarfið haldi áfram að þróast og styrkjast, samhliða því að farið sé að landslögum og þau virt eins og vera ber?

Norðurlöndum, 25. nóvember 2024

Lars Mejern Larsson (S)